



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á málþingi um hafvernd**

**Húsavík
2. maí 2024**

Ágætu málþingsgestir,
kæru fulltrúar Samtaka um verndun í og við Skjálfanda

Ég þakka það tækifæri að flytja ávarp við upphaf þessa málþings um hafvernd og Skjálfanda, vernd hans og nýtingu. Fyrst þakka ég þann heiður að geta hér með fáum orðum minnst Harðar Sigurbjarnarsonar. Andlát hans í byrjun nýliðins vetrar var sannkallað reiðarslag. Góður drengur féll frá fyrir aldur fram. Enn votta ég fjölskyldu hans samúð mína. Minning Harðar mun lifa. Hann skilaði drjúgu dagsverki og þessi ágæti viðburður hér í dag er til vitnis um það að áhrifa hans mun lengi gæta.

Áður en við horfum til hafs get ég líka atorku Harðar á Hólasandi. Þar var hann í fararbroddi þeirra sem breyttu örfoka landi í gróðurvin. Ég veit að Vigdís Finnbogadóttir man vel eftir þeim atbeina í þjóðþrifamáli sem var henni svo kært.

Sjálfur kynntist ég þessum eldhuga og náttúruvini nú hin síðustu ár. Ég hitti hann hér á Húsavík, dáðist að dugnaði hans á vettvangi ferðaþjónustunnar. Metnaður og fagmennska einkenndi þar öll hans verk, ástríða fyrir umhverfisvænum og sjálfbærum rekstri í heimi þar sem það er svo auðvelt að kasta til höndum, láta reka á reiðanum og hugsa aðeins um yfirstandandi vertíð.

Ég mat líka mikils þann vilja hans að gera upp Maríu Júlíu, hið fornfræga björgunarskip Vestfirðinga og þjóðarinnar allrar. Sess þess í sögunni er það merkur að það má svo sannarlega sigla á ný, hafið til fyrri vegs og virðingar. Um leið yrði fleyið notað, það myndi lifa þannig og koma áfram að gagni. Glæsilegir eikarbátar Norðursiglingar segja auðvitað sína sögu um þann

eindregna ásetning Harðar heitins að verja og efla þennan þátt okkar menningararfs, þennan þátt í okkar strandmenningu.

Og svo er það hafið sjálft. Já, svo er það hafið, viðfangsefni þessa málþings, bæði flóinn og rúmsjórinn hér úti fyrir, auðlindir sjávar og skynsamleg nýting þeirra, áhrif mannsins á loft, láð og lög, framtíðarhorfur og ábyrgð okkar allra í bráð og lengd.

Í þeim efnum er að mörgu að hyggja. Ég hlakka til að hlýða hér á fróðleg erindi og umræður í framhaldinu. Vart er um það deilt að ýmsar hættur steðja að. Þannig er plastmengun víst svo mikil að heljarinnar flákar fljóta um höfin enda talið að ár hvert hvolfist tíu milljónir tonna plastics í sjóinn. Hlýnun sjávar breytir líka vistkerfum og vísast frekar til hins verra. Sama gildir um aukna súrnun í höfunum sem gæti skaðað lífríkið stórlega.

Svo eru það ferðir mannsins á hafi úti, hvers kyns ferðir, þar á meðal skemmtiferðir. Ekkert hafði Hörður Sigurbjarnarson á móti ferðalöngum, fjarri því. Hér er þó að ýmsu að huga. Um hálfum mánuði fyrir andlátið í fyrra birtist viðtal við hann þar sem vikið var að þeim vanda sem getur fylgt skemmtiferðaskipum ef leiðir þeirra liggja hingað í tíma og ótíma. „Þetta er í raun orðið að heimsvandamáli,“ sagði hann, „við sjáum það t.d. norður á Grænlandi. Þeir sem stýra því hversu mörg skemmtiferðaskip koma til Íslands eru fyrst og fremst hafnirnar, ekki ferðapjónustan sem slík. Ef ferðapjónustan ætlar bara að láta þetta yfir sig ganga hljóðalaust þá stefnir í algjöran glundroða.“

Við greinum auðvitað hér þá hreinskilni sem einkenndi Hörð, eindregnar skoðanir en fyrst og fremst ástríðu fyrir eigin fagi, auk ástar til náttúru okkar og umhverfis – ekki síst hafsins. Og hann hélt áfram:

Það er auðvitað dæmigert fyrir okkur Íslendinga að þegar við sjáum reykin, sjáum mengunina í loftinu, þá verður allt vitlaust. En það er enginn að tala um að setja hömlur á skipin sem flæða um heimshöfin eins og engisprettufaraldur – með eftirlaunaþega sem hafa efni á þessum ósköpum. Þar liggur vandinn. Við erum bara þolendur. Og ég sé ekki betur en ferðamannafjöldinn á stórum svæðum þar sem mest er um að vera sé farinn að ógna upplifun gesta okkar. Það á líka við um Skjálfaflóa. Þangað koma um 130 þúsund gestir, 18 hvalaskoðunar- og ferðapjónustuskip sigla um flóann á háannatímanum. Hér á Húsavík er líka komin iðnaðarhöfn. Svo bætast skemmtiferðaskipin við. Skip geta farið þær leiðir sem þau kjósa – á þeim hraða sem þau kjósa. Engar reglur gilda.

Svo mörg voru þau orð og Hörður Sigurbjarnarson klykkti svo út með þessari lýsingu á ófremdarástandi: „Við Íslendingar erum alls ekki að standa

okkur, sinnum engri hafvernd nema þeirri sem snýr að fiskveiðum okkar. Þarna á ferðaþjónustan að koma að. Viðtækari hafvernd snýr að nýrri nýtingu okkar á náttúrunni. Það er lífsnauðsyn fyrir greinina að bregðast við ef hún á að þróast eðlilega.“

Góðir áheyrendur: Í lokin nefni ég öryggi sjófarenda, einkum farþega og áhafnir á blessuðum skemmtiferðaskipunum. Fyrir rúmri viku var frá því greint að litlu hefði mátt muna að risastórt fley af því tagi hefði strandað við Viðey á síðasta ári. Þar sluppu menn með skrekkinn en verður sú alltaf raunin? Ég vitna aftur í Hörð sem talaði tæpitungulaust: „Ef við Íslendingar horfum í eigin barm,“ sagði hann í áðurnefndu viðtali, „þá blasir við að ef eitthvað kæmi fyrir hjá einu þessara risastóru skemmtiferðaskipa sem hingað koma að ströndum landsins þá vitum við ekkert hvernig bregðast ætti við. Við höfum enga innviði og hugsum ekkert um þetta, ýtum óþægilegum spurningum bara frá okkur.“

Kæru vinir! Vandamálin, sem mæta okkur í dagsins önn, eru mismunandi. Sumt verður svo illa ráðið við. Þá þarf helst að búa yfir seiglu og þrjósku en sýna um leið æðruleysi og stillingu. Svo eru áskoranir þar sem lausnin liggur mest hjá okkur sjálfum. Þá dugar alveg að búa yfir almennri skynsemi þótt búhyggja og forsjálni skemmi ekki heldur fyrir.

Og í lokin nefni ég tvennt: Ég þakka þeim sem skipulögðu það málþing sem nú er hafið og nú við lok minnar forsetatíðar færi ég Húsvíkingum og öðrum Þingeyingum þakkir fyrir þá gestrisni og góðvild sem ég hef ætíð notið í heimsóknum mínum í þennan fallega bæ og þetta blómlega byggðarlag. Megi ykkur öllum vel farnast.